



TLD GEISLAMÆLAR - LEIÐBEININGAR

TLD-SKIPTI

Starfsmenn sem vinna við jónandi geislun bera TLD-geislamæla til þess að hægt sé að fylgjast með þeirri geislun sem þeir verða fyrir við vinnu sína. Í byrjun hvers 3ja mánaða mælitímabils senda Geislavarnir ríkisins (GR) nýjar TLD-mæliplötur og **nafnalista** til notanda, þar sem fram kemur nafn, fæðingardagur og starfsheiti hvers notanda, ásamt einkvæmu númeri mæliplötunnar. **Hver mæliplata er innpökkuð í plastumbúðir sem ekki má opna.** Á þessum umbúðum er einnig áprentað nafn notanda og upplýsingar um mælitímabilið. Mæliplatan er við notkun geymd í rauðu TLD-hylki með glugga fyrir nafn notanda:



Notendur eiga að skipta um mæliplötu í TLD-hylkjum sínum **fyrsta virka dag nýs mælitímabils og eins fljótt og hægt er skal senda notaðar mæliplötur til GR.** Notaðar mæliplötur eru sendar til Dönsku geislavarnastofnunarinnar (SIS) upp úr miðjum fyrsta mánuði nýs mælitímabils og því nauðsynlegt að þær berist stofnuninni fyrir þann tíma. Það tryggir að niðurstöður úr mati á geislaálagi berist sem fyrst til viðskiptavina eftir að mælitímabili lýkur. Annars geta liðið allt að 3 mánuðir í viðbót áður en niðurstöður liggja fyrir.

NÖFN, KENNITÖLUR OG STARFSHEITI

Athugið að nöfn, fæðingardagur, fæðingarmánuður og starfsheiti séu rétt á **nafnalistanum** og tilkynnið allar breytingar með tölvupósti til: **tld@gr.is** (einnig má hringja í síma **4408200**). **Fyrir nýja starfsmenn þarf að tilkynna nafn, kennitölu, starfsheiti og vinnustað.** Nýir starfsmenn fá TLD-hylki send í pósti eftir að tilkynning um þá berst og ofangreindar upplýsingar hafa borist stofnuninni.

TLD-HYLKI OG MÆLIPLÖTUR

Setjið mæliplötuna þannig í rauða TLD-hylkið að nafn notanda sé sjáanlegt í glugga hylkisins. Allar mæliplötur koma innpakkaðar í plastumbúðum til notanda með áprentuðu nafni. **Alls ekki má taka umbúðir utan af mæliplötunum.** Hreinsa má rauða TLD-hylkið og hvítu mæliplötuna með sápu og vatni og spritta ef nauðsyn krefur. **TLD mæliplöturnar þola ekki þvott í þvottavél.**

NOTKUN TLD-HYLKIS

Bera skal rauða TLD-hylkið á brjósti eða í mittisstað og það á að snúa fram við notkun. Þegar starfsmenn þurfa að nota blýgúmmísvuntur við störf sín, skulu þeir ávallt bera mælihylkið **undir** svuntunni. Þeir starfsmenn sem vilja fá mælingu á geislun m.t.t. háls, höfuðs eða útlíma geta sérpantað slíka mælingu hjá stofnuninni. Notaðar eru TLD-mæliplötur í sérstökum hylkjum við slíkar mælingar.

MAT Á STÆRÐ GEISLAÁLAGS

Mæliniðurstöður verða sendar tengiliði vinnustaðarins eftir að þær berast frá SIS. Um getur verið að ræða eina af tveimur mælistærðum fyrir geislaálag, Hp(10) og Hp(007). TLD-mæliplötur eru kvarðaðar til að meta geislaálag einstaklinga annars vegar út frá geislun í 10 mm dýpi í vef (þ.e. Hp(10)), og hins vegar til að meta geislaálag á húð, miðað við geislun í 0,07 mm dýpi (þ.e. Hp(007)).

Samkvæmt reglum Alþjóða geislavarnaráðsins (ICRP Publication 103, frá 2007), eru efri mörk þeirrar geislunar sem starfsfólk má verða fyrir við starf sitt 20 mSv á ári að meðaltali yfir 5 ára tímabil, en þó aldrei hærra en 50 mSv á einu ári, miðað við geislun á allan líkamann. Efri mörk geislunar á útlími eina eru 500 mSv árlega og efri mörk geislunar á augu eru 20 mSv árlega. Þess skal gætt á hverjum vinnustað að halda geislaálagi starfsfólks eins lágu og framast er unnt. Sem dæmi má nefna að meðalgeislaálag á tímabili á röntgendeild liggur undir 0,1 mSv.

NIÐURSTÖÐUR TIL TENGILIÐS

Allar niðurstöður eru senda rafrænt til tengiliðs/a á hverjum stað. Í niðurstöðunum koma fram fæðingardagur, Hp(10), Hp(007), mælitímabil og athugasemdir ef einhverjar eru, fyrir þá geislaálag sem bærust eftir síðasta mælitímabil.

MÆLINIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS GEISLAÁLAGS STARFSFÓLKS

Nafn	Fæðingardagur	Hp10	Hp007	Tímabil	Athugasemd
Hópmælir 1	00/00	0,0	0,1	jan-mar 2024	
Hópmælir 2	00/00	0,1	0,0	jan-mar 2024	

ATHUGASEMDIR Í NIÐURSTÖÐUM

Í mæliniðurstöðum á geislaálagi starfsmanna sem vinna við jónandi geislun, geta komið fram athugasemdir er varða ástand geislaálagis þegar hann barst stofnuninni til aflesturs, aflesturinn sjálfan eða niðurstöður hans. Meðal annarra eru eftirfarandi athugasemdir nokkuð algengar:

- **Skilað of seint. Mæliniðurstöður gætu haft stærrí óvissu.** - Mæliplata var skilað of seint, eftir þrjú mælitímabil. Niðurstöður hafa þar af leiðandi stærrí óvissu.
- **Skilað of seint. Mæliniðurstöður eru ómarktækar.** - Mæliplötu var skilað of seint, eftir fjögur mælitímabil eða lengur. Niðurstöður eru þar af leiðandi ómarktækar.
- **Harkaleg meðhöndlun/skemmd mæliplata** - Mæliplata ber þess merki að hafa orðið fyrir harkalegri meðhöndlun jafnvel skemmst, sem gæti leitt til aukinnar óvissu í niðurstöðum.
- **Mæliplata skemmd/Mæliplötu skilað án umbúða** - Umbúðir mæliplötunnar hafa verið opnaðar eða fjarlægðar og getur það leitt til þess að platan hefur skemmst. Niðurstöður geta þar af

leiðandi haft stærri óvissu. Mæliplatan gæti hafa gefið engar niðurstöður.

- **Aflestur bendir til að mæliplata hafi verið geisluð óreglulega** - Aflestur mæliplötu bendir til þess að platan hafi snúið öfugt í mælihylkinu á mælitímabilinu eða hluta þess, sem eykur óvissu í niðurstöðum. Framhlið TLD-hylkisins gæti líka hafa snúið öfugt við notkun mæliplötunnar.

KOSTNAÐUR

Í byrjun hvers tímabils verður ábyrgðarmanni notkunar á hverjum stað sendur reikningur fyrir þann fjölda TLD-geisla mælihylkja sem skráðar eru í notkun, í samræmi við gildandi gjaldskrá stofnunarinnar (sjá vefsetur www.gr.is). **TLD mæliplötur sem ekki berast stofnuninni strax eftir að mælitímabili lýkur eða eftir næsta mælitímabil þar á eftir verða skráðar týndar eða glataðar.** Stofnunin mun innheimta hjá viðkomandi fyrirtæki/stofnun kostnaðargjald vegna þessara mæliplatna skv. gildandi [gjaldskrá GR](#) hverju sinni. Þetta gjald fæst ekki endurgreitt þó að mæliplöturnar komi fram síðar.